

## Bekkjarnámskrá fyrir íslensku - 1. bekkur



**Tímafjöldi :** 10 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p>	<p><b>Við lok 1. bekkjar getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,</li> <li>• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi</li> <li>• sagt frá eftirminnilegum atburði, lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,</li> <li>• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,</li> <li>• nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þjálfun í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum. Sú þjálfun felst m.a. í að greina munnlega frá eigin reynslu, flytja ljóð eða annan texta fyrir bekkinn, hlusta á aðra og tileinka sér þær reglur sem gilda þegar margir eru að tjá sig í einu.</li> <li>• Ýmis hlustunarverkefni sem reyna á athygli og getu nemenda. Nemendur draga ályktanir varðandi það efni sem tekið er fyrir hverju sinni</li> </ul>	<p>Hæfnimat</p>
<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p>	<p><b>Við lok 1. bekkjar gertur nemendur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,</li> <li>• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,</li> <li>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrahraði og lesskilningur efldur með fjölbreyttu lesefni.</li> <li>• Lestrarbækur nýttar með vinnubókum til að þjálfra frekar lestur, lesskilning, skrift og frágang.</li> <li>• Getuskipt í lestrarhópa þar sem nemendur lesa upphátt hver fyrir annan. Einnig er unnið í vinnubók.</li> <li>• Lesið fyrir nemendur í nestistímum og innihald texta rætt.</li> </ul>	<p>Lestrarferill (lesfímipróf). Lesskilningspróf. Leiðsagnarmat.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjölbreyttir kennsluhættir þar sem unnið er með ljóð, vísur og söngva.</li> </ul>	
<b>Ritun</b>	<p><b>Við lok 1. bekkjar getur nemendur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið rétt til stafs</li> <li>• samið texta frá eigin brjósti</li> <li>• skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,</li> <li>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendum fá tækifæri til þess að vinna með ólík ritunarform, eins og skrift, sögugerð, dagbókarskrif, fréttaplutning, fyrilestrar og fleira.</li> </ul>	Hæfnimat
<b>Málfræði</b>	<p><b>Við lok 1. bekkjar getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt töluðu máli og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,</li> <li>• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,</li> <li>• leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins</li> <li>• búið til málsgreinar</li> <li>• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur kynnist tungumálinu á fjölbreyttan hátt t.d. í gegnum sögur, myndasögur, söngva, krossgátur og orðaleiki.</li> <li>• Nemendur vinna með tungumálið í rituðum verkefnum eins og sögugerð, dagbókarskrif og fleira.</li> <li>• Þjálfun í að raða eftir stafrófsröð.</li> </ul>	Hæfnimat